



Skógræktarfélag Selfoss

Ársskýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2022-2023

Eftir illviðrasaman vetur má almennt segja að vorið 2022 hafi verið mjög hagstætt gróðri, Jörð var að mestu frostlaus strax í byrjun apríl. Apríl og maí voru hlýjir og laufgun trjáa fyrr á ferðinni en oft áður. Í lok apríl voru ýmsar tegundir runna og trjáa laufgaðar í Hellisskógi. Vöxtur trjágróðurs var yfirleitt góður um sumarið. Lítið var um illviðri á mesta vaxartímanum og greni slapp að mestu við toppsprotabrot. Suðvestan rok sem gerði 7.júlí náði þó að fella nokkur tré, þar á meðal seljur og grenitré sunnan við Grímskletta. Næturfrost upp úr miðjum júní olli kalskemmdum á grenitrjám. Mest var um skemmdir á flatlendinu



upp undir Biskupstungnabraut og síðan ofan við Hellisholt. Sumar nýplantaðar greniplöntur drápust alveg. Aftur var næturfrost um miðjan ágúst, en óljóst er um tjón af því.

Kanínur skemmdu margar reyniplöntur í trjásafninu í mars og apríl. Þær nöguðu bök af trjám. Mest sóttu

þær í alpareyni, bergreyni og úlfareyni. Ljóst er að sumar plönturnar eru dauðadæmdar eftir skemmdirnar. Meindýraeyðir hreinsaði vel til í kanínustofninum í vor en samt sáu 5-7 dýr í Hellisskógi um sumarið, mest í trjásafninu.

Talsvert bar á óværu svo sem asparglittu og birki var ljótt um tíma vegna birkikembu. Sennilega hefur aldrei verið jafnmikið af asparglittu í Hellisskógi og í lok maí og byrjun júní. Dæmi eru um að litlar aspir hafi drepist af völdum asparglittunnar.

Mjög lítill fræproski var á birki en talsvert um köngla á sitkagreni. Óvenju mikil blómgun var á víði og öspum en etthvað lítið var um fræproska á þessum

tegundum. Haustið var sérlega milt og nóvember einn sá hlýjasti síðan mælingar hófust. Desember var aftur á móti kaldur og mikið snjóaði eftir miðjan mánuðinn.

Veður var eðlilegt miðað við árstíma í janúar og febrúar. Illviðri og lægðagangur um tíma í byrjun febrúar og snjó tók að mestu upp. Mars var síðan mjög kaldur og langvinn frost. Eitthvað var um brotin tré þar sem mesti snjórinn safnaðist í skóginum og önnur stóra brúin yfir lækinn í Hellisgili brotnaði undan snjópunga en annars var lítið um tjón í vetur.



Plöntun.

Sumarið 2022 var plantað alls 1850 plöntum af 34 tegundum. Þar af voru 1480 græðlingar af alaskaösp.

Aðrar tegundir voru

birki, jörvavíðir, sitkagreni, hvítgreni, garðahlynur, broddhlynur, ilmreynir, koparreynir, skrautreynir, kasmírreynir, rúbínreynir, fjallareynir, kínareynir, úlfareynir, alpareynir og lerki (hrymur), auk stakra trjáa og runna í trjásafnið.

Félagar í Skógræktarfélagi Selfoss plöntuðu 8 maí. Þá var stungið niður 1300 aspar græðlingum vestan við Hellinn. Aftur var plantað 7. október meðfram Simmastíg, 50 pottaplöntum af 9 mismunandi reynitegundum.



Hópur nemenda sem voru í heimsókn í FSu plöntuðu 70 pottaplöntum í svokallað “Stjánatún” þann 19. maí. Þetta var



liður í því að efla umhverfisvitund nemendanna enda öll komin frá fjarlægum eyjum, með tilheyrandi kolefnisspori.

Í júlíbyrjun mættu 40 krakkar ásamt 15 starfsmönnum frá Árborg og plöntuðu 60 birkiplöntum vestan við Hellinn.

Þetta er orðið árvisst að krakkahópar á sumarnámsskeiðum komi í Hellisskóg til að planta trjám.

Sumarvinnan.

Sigmundur Stefánsson hafði umsjón með litlum vinnuflokki (2-5) í Hellisskógi í sumar. Ekkert varð úr því að félagið fengi vinnuflokk með verkstjóra í stígagerð í sumar eins og undanfarin sumur. Því varð ekkert úr áformum um áframhaldandi uppbyggingu stíga austan við Hellinn eins og ráðgert var. Vinnuflokkur Sigmundar vann einkum við að lagfæra stíga og tröppur í trjásafninu og laga stíginn og færa til frá efsta veiðistaðnum að Hellisgili. Þar þurfti að fella nokkur tré til að koma stígnum fjær ánni. Tvö hlöss af mulningi og eitt af grús fóru í stígana í sumar.



Stígar - merking - bekkir.

Sumarið 2022 var unnið að merkingu gönguleiða í Hellisskógi. Settar voru litamerktar stikur við þrjár gönguleiðir. Bláa leiðin (litli hringur 2,1 km), rauða leiðin (stóri hringur 3,4 km) og appelsínugula leiðin (Hellisbrú 1,5 km). Alls er stígar í Hellisskógi um 8 km að lengd.

Í lok september voru sett upp gönguleiðakort á þremur stöðum. Núna geta gestir valið sér gönguleiðir við hæfi án þess að eiga á hættu að villast í skóginum. Starfsmenn Árborgar sáu um merkingar gönguleiða og uppsetningu á kortum.

Fyrir tveimur árum kannaði félagið hvort fyrirtæki á Selfossi væru til í að gefa bekki og borð til að setja upp í Hellisskógi. Bæði BYKO og Húsasmiðjan tóku vel í erindið og vildu gefa nokkra bekki og borð. Fleiri fyrirtæki voru ekki spurð. Ekki var hægt að taka við gjöfunum þá um sumarið. Núna í apríl bauðst gönguhópur Ingva Rafns til að setja upp borð frá Húsasmiðjunni í



Hellisskógi. Húsasmiðjan gaf skógræktarfélaginu tvö borð og voru þau formlega afhent og þeim komið fyrir, öðru við suðurendann á Hellisbrú og hinu við Ölfusá neðst í Hellisgili. Félagið færir gönguhópi Ingva Rafns og Húsasmiðjunni bestu þakkir fyrir.

Gönguhópur Ingva Rafns lagaði og bætti brotnar spítur í nokkrum brúm á gönguleiðum, hreinsaði listaverk, löguðu borð og lagfærði brotið grindverk við aðalbílastæðið ofl. smálegt. Það þökkum við einnig fyrir. Gönguhópurinn samanstendur af níu körlum á besta aldri sem ganga daglega hring um Hellisskóg.

Fundir.

Aðalfundur var haldinn í sal Sólvallaskóla 27. apríl 2022. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var Hermann Ólafsson með kynningu á breytingum á væntanlegu aðalskipulagi fyrir Árborg. Á fundinum var Hlíf Böðvarsdóttir kosin í stjórnina í stað Guðbjarts Ólasonar. Þrír stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, þar af einn úti í Fremri Laugardælaeyju (16. september).

Formaður fundaði með tveimur fulltrúum í stjórn ferðafélags Árnesinga í byrjun maí. Í framhaldi af því var ákveðið að Skógræktarfélagið fengi tvær milljónir frá ferðafélaginu gegn því að peningarnir yrðu notaðir til að setja upp fræðsluskilti um fugla í Hellisskógi og á Ölfosá, alls sex skilti. Formaður fann til fuglamyndir og texta fyrir skiltin í júní. Hermann mun að setja þetta upp á spjöld. Síðan voru hannaðar undirstöður. Í desember funduðu Örn og Snorri með starfsmönnum í Fagformi um að útbúa skilti. Í janúar kom tilboð sem félagsmönnum þótti nokkuð hátt. Ákveðið var þó að fá Fagform til verksins. Ekki tókst að fá fund með ráðamönnum í Árborg sumarið 2023, þrátt fyrir tilraunir.

Gönguferðir.

Formaður leiddi tvær göngur um Hellisskóg í sumar. Sú fyrri var með gönguhóp á vegum "Fjallafjörs" 22. maí. Þann 1. október var ganga um Hellisskóg undir formerkjunum

“Menningarmánuðurinn október”.

70 ára afmælið.

Skógræktarfélag Selfoss var stofnað á fundi í Tryggvaskála 16. maí 1952 og varð því 70 ára þann 16. maí 2022. Félagið varð strax deild innan Skógræktarfélags Árnesinga. Í 2. grein félagslaga skógræktarfélagsins segir: “Tilgangur félagsins er að efla trjárækt innan bæjarins og planta skógi á ræktunarsvæðum Selfossbæjar og Skógræktarfélags Árnesinga”. Skógræktarfélag Selfoss hefur unnið óslitið að þessum markmiðum undanfarin 70 ár og plantað í reiti á Selfossi og á Snæfoksstöðum. Fyrstu 18 árin í Rauðholtsgirðinguna á Selfossi (á núverandi ípróttavallarsvæði og Gesthúsalóð). Sú skógrækt var ítrekað eyðilögð í sinueldum og loks tekin undir aðra starfsemi. Síðan var plantað í 15 ár á Snæfoksstöðum. Þar stendur nú myndarlegur furuskógur. Frá árinu 1986 hefur félagið einbeitt sér að uppbyggingu Hellisskógar við Selfoss. Þar hefur tekist vel til og er Hellisskógur frábær minnisvarði um starf félagsins síðustu 36 árin. Þó svo félagið eldist og aðstæður í þjóðfélaginu hafi breyst þá hefur starf Skógræktarfélags Selfoss haldið áfram og mun vonandi eflast enn frekar næstu áratugi.



Haldið var uppá 70 ára afmæli félagsins með glæsibrag í september. Grein birtist í Dagskránni 14. sept þar sem farið var yfir sögu félagsins. Í tilefni 70 ára afmælis Skógræktarfélags Selfoss bauð félagið upp á ferð í Fremri Laugadælaeyju laugardaginn 17. september. Veður var mjög gott til útiveru og siglinga. Bátasveit Björgunarfélags Árborgar sá um að ferja gesti út í eyju og 70 gestir þáðu boðið. Siglt var frá kl. 10 til 12 og voru tveir bátar í stöðugum siglingum. Boðið var uppá veitingar í eyjunni.

Í Fremri Laugardælaeyju vaxa tvö silfurreynitré sem plantað var um 1890 og áhugavert var að skoða. Þetta eru með elstu trjám á Íslandi.

Heimasíðan.

Í febrúar lagði formaður til að heimasíða félagsins www.hellisskogur.is yrði endurgerð frá grunni. Gamla síðan var orðin úrelt og erfitt verk að uppfæra hana. Ákveðið var að semja við fyrirtækið 1984 um að flytja vefinn frá símanum yfir á 1984 vefhýsingu. Formaður setti síðan upp WordPress síðu og setti inn texta af gömlu síðunni ásamt því að bæta við frekari fróðleik, gömlum skýrslum og ýmis konar myndefni.

Selfoss, mars 2023
Örn Óskarsson

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss 2022-23
Örn Óskarsson formaður
Snorri Sigurfinnsson ritari
Hermann Ólafsson gjaldkeri
Björgvin Örn Eggertsson meðstjórnandi
Hlíf Böðvarsdóttir meðstjórnandi

